

Vettvangsferð til Danmerkur á vegum Íslandsstofu vegna vindorkumála.

State of Green og danska sendiráðið á Íslandi, í samstarfi við Grænvang, bjóða hagaðilum í vettvangs- og fræðsluferð um hagnýtingu vindorku 24.-27. október næstkomandi. Í ferðinni sem farin verður um Jótland og Samsø gefst þátttakendum færi á heimsækja sveitarfélög, fyrirtæki, hagsmunasamtök í ferðamálum og nátturuvernd og aðra hagaðila sem komið hafa að hagnýtingu vindorku á svæðinu. Dagskránni er ætlað að varpa ljósi á helstu tækifæri og áskoranir og hvernig stjórnvöld, danskt atvinnulíf, hagsmunasamtök og aðrir haghafar hafa nálgast sitt samstarf við hagnýtingu vindorku á farsælan máta. Áhugasömum er bent á að þátttaka í sendinefndinni er opin öllum en nú stendur yfir skráning hér:

<https://stateofgreen.com/en/events/icelandic-delegation-visit-to-western-denmark-how-can-alternative-partnerships-pave-the-way-for-wind-power-and-tourism/>

[Icelandic delegation visit to western Denmark: How can alternative partnerships pave the way for wind power and tourism? | State of Green](#)

Þetta er mikilvægt umræðuefni hér á landi og eins og sjá má á dagskránni gefst þarna spennandi tækifæri til að ræða við alla lykilaðila um þeirra reynslu.

Þú mátt gjarnan koma þessu á framfæri við þá aðila á þínu svæði sem þið teljið að gætu haft hag af að taka þátt í þessari ferð. Sætafjöldi er takmarkaður.

Kamma Thordarson, samstarfskona hjá Grænvangi (cc á þessum pósti) getur veitt allar nánari upplýsingar sé þess óskað.